HVALFJARÐAR
SVEIT

Hvalfjarðarsveit 17. september 2018.

**Íþrótta- og tómstundastyrkir Hvalfjarðarsveitar.**

Hvalfjarðarsveit styrkir börn og ungmenni allt að 18 ára aldri til íþrótta- og tómstundaiðkunar. Styrkirnir eru ætlaðir sem hvatning til frekari framfara og til að mæta útlögðum kostnaði vegna æfingar og keppni. Styrkina skal miða við almanaksárið.

Viðmiðunarreglur við styrkveitingu:

1. Hvalfjarðarsveit styrkir íþrótta- og tómstundaiðkun barna og unglinga í sveitarfélaginu með 60.000 kr. tómstundastyrk á ári.

2. Hvalfjarðarsveit styrkir íþrótta- og tómstundaiðkendur sveitarfélagsins til keppnisferða erlendis um 30.000 kr. á ári.

3. Hvalfjarðarsveit styrkir íþrótta- og tómstundaiðkendur í sveitarfélaginu til æfingaferða erlendis um 30.000 kr. á ári.

4. Styrkveitingar skv. 1. gr. eru ekki háðar fjölda umsókna á einstakling á ári.

5. Styrkveitingar skv. 2.-3. gr. eru veittar einu sinni á ári á hvern einstakling.

6. Umsóknir skulu berast félagsmála- og frístundafulltrúa Hvalfjarðarsveitar ásamt kvittun og staðfestingu. Umsóknir skv. 2.-3. gr. þurfa að fylgja: Dagskrá æfinga/keppni og staðfesting um þátttöku. Félagsmála- og frístundafulltrúi fer yfir umsóknirnar og afgreiðir þær.

7. Fjölskyldu- og frístundanefnd úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að rísa við framkvæmd þessara reglna.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 11. september 2018